

Fjallskilanevnd Ölfus.

Fundur Fjallskilanevndar haldin í Ráðhúsi Ölfus, 11. júní 2019 kl. 9.00

Mættir: Halldór Guðmundsson, Snorri Þórarinsson, Baldur Guðmundsson, Charlotte Clausen og Valdimar Ó Jónasson sem skrifa fundargerð.

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Málefni fundarins er:

I. Mál.

Álagning fjallskila 2018 – samantektir og uppgjör.

Fjöldi dagsverka	170 dagsverk í fyrstu og annari leit
Aukaleitir	31 aukaleitir
Útréttir	5 dagsverk
Leitarstjórn	4 dagsverk
Réttarstjórn	2 dagsverk
Akstur	1230 km

Fjöldi fjár í sveitarfélaginu 1658

Taxtar:

Ákveðið að hafa taxa þá sömu og undanfarin ár.

Dagsverk	kr. 8.000
Útréttir	kr. 5.000
Leitar og Réttarstjórn	kr. 12.000
Aukaleitir	kr. 11.000
Akstur	kr. 130/km

Samtals kostnaður við fjallskil er því 1.957.900 kr.

Skipting fjallskilakostnaður er samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá apríl 2015 og skiptist þannig:

Bæjarsjóður Ölfus 587.370 kr og fjáreigendur 1.370.530 kr.

Kostnaður á hverja kind: 827 kr.

Smölun afrétta að hausti

Umræður um tímasetningar og fyrirkomulag haustleita. Fjallskilareglugerð segir að smala skuli fyrri leitir í 22. viku sumars og seinni leitir tveimur vikum síðar. Þessi regla gerir það að verkum að smalanir afrétta verða seint í september sum ár.

Ákveðið hefur verið að 1. leit skuli fara fram 14. og 15. september 2019 og 2. leit 28. og 29. september 2019.

II. mál.

Umræður um færslu girðingar frá Svörtu gljúfrum í Kömbum að Grafningsvegi neðri. Baldur leggur fram gögn frá fyrrverandi byggingarfulltrúa.

Fjallskilanevnd leggur til að sveitarstjóri Ölfus taki til málið skoðunar og finni því farveg.

III. mál.

Fjallskilanevnd mælist til þess að sveitarfélagið sjái um að ganga frá gamla réttarstæðinu í landi Kröggólfsstaða.

Þar þarf að hreinsa upp restina af gömlu réttunum, steypuafgangar, járn ofl.

IV. mál.

Fjallskilanevnd mælist til að borin sé olía (fúavörn) á timburverk í réttinni í mynni Reykjadal.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00